

## Í ÞESSU FRÉTTABRÉFI:

## HAUSTRÁÐSTEFNA FIE 2012

### HAUSTRÁÐSTEFNA FIE 1

Haustráðstefna Félags um innri endurskoðun verður haldin dagana **4. og 5. október** næstkomandi á Grand Hótel Reykjavík. Yfirskrift ráðstefnunnar verður: *Stjórnun sviksemis- og misferlisáhættu* (e. *Managing the risk of fraud and corruption*).

### FRÆÐSLUSTARF FIE 1

### EFNI HAUSTRÁÐ- STEFNU FIE 2

Fyrirlesari verður Nigel Iyer (BSc, MA, ACA). Nigel er með eigandi hjá Septia Group og kennari við University of Leicester School of Management. Síðan Nigel útskrifaðist úr háskóla og hlaut löggildingu sem endurskoðandi hefur hann unnið hörðum höndum að greiningum, rannsóknunum og uppbyggingu varna gegn sviksemi og spillingu. Á

### VIÐTAL VIÐ NIGEL IYER 3

síðustu árum hefur hann sérhæft sig í að aðstoða alþjóðlegar fjármálastofnanir við að þróa úrræði sem tryggja að siðferði og heiðarleiki séu samþætt í rekstri fyrirtækja allt frá æðstu stjórnendum til undirmanna. Nigel hefur ásamt Martin Samociuk og öðru samstarfsfólki unnið að því að þróa sérstaka aðferðafræði við áhættumat á svikum auk mælikvarða á heiðarleika (e. Integrity Health Check) sem greinir hvar hætta sé á svikum og misferli og er notað af fjölmörgum fyrirtækjum til að tryggja að siðferðisreglum sé fylgt.

### AÐALFUNDUR FIE 4

### PISTILL STJÓRNAR 5

Nigel er höfundur eða meðhöfundur fjögurra bóka sem

tengjast sviksemi. Hann kennir auk þess við fjölda stofnana og viðskiptaháskóla. Nigel hefur einnig samið kvikmyndahandrit og komið að framleiðslu á margmiðlunarefni með það að leiðarljósi að gera fólk meðvitaðra fyrir hættunni á svikum og misferli og mikilvægi þess að stýra þeirri áhættu.

Nigel hefur auk þess mastersgráðu í handritsgerð fyrir kvikmyndir og sjónvarp.

Nánar er fjallað um efni haustráðstefnunnar á bls. 2. Auk þess er stutt viðtal við Nigel Iyer fyrirlesara ráðstefnunnar á bls. 3 í fréttabréfinu.

## FRÆÐSLUSTARF FIE

### MORGUNVERÐAR- FUNDIR Á KOMANDI VETRI

Stefnt er að því að morgunverðarfundir á vegum fræðslunefndar FIE hefjist um mánaðarmótin október nóvember.

### ERUM VIÐ DÚFUR, UGLUR, SVANIR EÐA PÁFUGLAR Í LANDI MÖRGÆSA

Eða bara flottir og faglegir innri

endurskoðendur sem vilja ná meiri árangri og ánægju í leik og starfi? Þetta var yfirskrift morgunverðarfundar FIE hinn 15. maí sl.

Fyrirlesari var Herdís Pála Pálsdóttir MBA og B.Ed. Fór hún með fundargesti í sjálfskoðun þar sem m.a. var skoðað hvernig við nálgumst verkefni okkar, samskipti við samstarfsfólk o.fl.

### FAGGILTUM FÉLAGS- MÖNNUM FJÖLGAR

Nú í sumar varð Viðar Kárasón starfsmaður innri endurskoðunar Íslandsbanka 14. Íslendingurinn til að hljóta faggildingu sem innri endurskoðandi (CIA). Óskum við Viðari til hamingju með áfangann.

## EFNI HAUSTRÁÐSTEFNU FIE

### STJÓRNUN SVIK- SEMIS- OG MIS- FERLISÁHÆTTU

Gríðarlegt tap, hrun fyrir-  
tækja og umfangsmikil  
hneykslismál á seinni tímum  
hafa beint athygli stjórn-  
enda, hluthafa og löggjafans  
að stjórnarháttum fyrirtækja,  
brestum í áhættustýringu,  
og útbreiddu siðleysi í við-  
skiptum, svikum og misferli.

Algeng dæmi sem koma upp  
í hugann eru ólöglegar  
greiðslur, sviksamleg lán,  
veðsvik, leigusvik, vísvitandi  
okur, falsaðir reikningar,  
mútur, bakgreiðslur, órétt-  
mætar endurgreiðslur og  
ábyrgðargreiðslur, hags-  
munaárekstrar, röng skýrslu-  
gjöf og fjölmargt fleira.



Það er almennt viðurkennt  
að siðlausir viðskiptahættir  
leiði með beinum eða  
óbeinum hætti til mikils  
fjárhagslegs taps (gjarnan  
talið vera milli 2 og 5% af  
veltu) og hafi gríðarmikil  
áhrif á orðspor og starfs-  
anda innan fyrirtækja og  
stofnanna.

Þó flest fyrirtæki hafi í dag  
einhverskonar áætlanir um



hvernig takast eigi á við  
rannsóknir vegna svika, þá  
vaknar alltaf upp sú spurn-  
ing hvers vegna það sé  
svona erfitt að greina hættu-  
merkin. Líklega er ein á-  
stæðan tíminn sem úthlutað  
er í virkar varnir gegn  
svikum, misferli og sið-  
lausum viðskiptaháttum í  
samanburði við þann tíma  
og þá fjármuni sem þörf er á  
til að vinna að rannsóknum  
fjársvika. Þessu til viðbótar  
má nefna að þrátt fyrir að  
vera ein stærsta áhætta  
sem ekki er stjórnað innan  
fyrirtækja í dag, fá stjórn-  
endur og innri endurskoð-  
endur svo til enga formlega  
þjálfun í því að greina hættu-  
merki eða takast á við þau  
og síðast en ekki síst fá þeir  
litla þjálfun í því hvernig þeir  
eigi að verða sterkara mót-  
stöðuafll gagnvart siðlausum  
viðskiptaháttum, þar með  
talið svikum og misferli.

### MARKMIÐ RÁÐ- STEFNUNNAR

Að veita þátttakendum hag-  
nýt, viðeigandi og hagkvæm  
tæki til að greina, meta og  
mæla hina raunverulegu  
áhættu á svikum og misferli  
innan þeirra fyrirtækja sem  
þeir starfa hjá.

Að aðstoða þátttakendur við  
þróa kerfi til að greina svik  
og misferli (eða vinna  
athuganir á þessum þáttum)  
sem væri viðeigandi innan  
þeirra fyrirtækja.

Veita innsýn inn í það með  
hvaða hætti eigi að þróa og  
veita starfsmönnum fyrir-  
tækja þjálfun í vörnum  
svikum og misferli.



Það er almennt  
viðurkennt að  
siðlausir  
viðskiptahættir  
leiði til  
fjárhagslegs taps  
sem nemi um 2-  
5% af veltu

Markmið  
ráðstefnunnar er  
meðal annars að  
veita  
þátttakendum  
hagnýt,  
viðeigandi tæki  
til að greina,  
meta og mæla  
áhættu á svikum  
og misferli

## VIÐTAL VIÐ NIGEL IYER

Getur þú sagt okkur aðeins frá þínum bakgrunni og hvernig það kom til að þú fékkst áhuga á svika- og misferlismálum?

Ég held að það megi rekja til þess þegar ég var ungur, sennilega 15 eða 16 ára, og sá hversu mikil fátækt var á Indlandi (þaðan sem foreldrar mínir koma), og hvernig hún er orsök af spillingu. Ég sá einnig svik og spillingu á Englandi þegar ég var að vaxa úr grasi. Fólk virtist ekki gera mikið í því og ég sá hvernig þetta gat lagt líf fólks í rúst. Ég ákvað þá að ég vildi reyna GERA eitthvað í málunum en vissi ekki alveg hvernig! Hugsanlega í gegnum leikhús, kannski í gegnum löggæslu (já þetta er öfgakennt) en ég endaði á að gerast endurskoðandi. Það sem kom mér mest á óvart var hversu lítil hvati var á endurskoðunar-skrifstofunum til að uppræta svika- og spillingarmál og að mínu mati voru þær ekki nógu kappsamar og staðfastar í að virkilega horfast í augu við málin og gera eitthvað í þeim. Kannski er þetta af því að ytri endurskoðendur fá nóg af „þægilegum peningum“ og lifa hinu „ljúfa lífi“? Ég veit það ekki en ég komst að því að fann mig ekki þarna svo eftir löggildinguna ákvað ég að fara og vinna í raunverulegu fyrirtæki og reyna að gera eitthvað þar. Að lokum ákvað ég að starfa sjálfstætt þar sem að jafnvel í stóru fyrirtæki þá eru takmörk fyrir

því hvað þú mátt segja og gera.

*Hver heldurðu að sé stærsta áskorunin á þessu sviði fyrir innri endurskoðendur í dag?*

Að koma stjórnendum í skilning um að svik og spilling sé raunverulegt vandamál (í allri sinni mynd). Auk þess þurfið þið að vera spennandi og áhugaverð svo annars fremur dauflegt viðfangsefni (endurskoðun, innra eftirlit, svik o.þ.h.) verði spennandi. Einnig þarf að komast frá þeirri hugmynd að innri endurskoðandi sé ill nauðsyn og lítils virði fyrir fyrirtækið (kannski þarf að breyta heitinu!)

*Byggt á þinni þekkingu á Íslandi og þeirri stöðu sem við höfum verið í síðustu ár, heldur þú að við séum að horfa á einhverjar sérstakar landlægar eða menningarlegar áskoranir hér?*

Kannski bara að átta sig á því að fólk er allstaðar mjög svipað, græðgi er til í okkur öllum og svika/væntinga stuðlar (t.d. gagnsæis stuðlar) og hamingjuvísitölur (eins og SP skilgreinir hana) geta stundum blekkt. Einnig að átta sig á því að það eru ólík blæbrigði svika og spillingar og Ísland, þrátt fyrir endurreisn, mun breytast á ný. En ekki gleyma því að sá sem þénar (og á) 100 sinnum meira en annar, er kannski ekki 100 sinnum hamingjusamari (eða tvöfalt hamingjusamari). Þetta er einfaldlega vegna þess að þeir sem eiga nóg af pen-



Nigel Iyer, BSc, MA, ACA

ingum vilja alltaf .....meira.

*Hvaða væntingar hefur þú til ráðstefnunnar?*

Í raun veit ég það ekki! Ég er forvitinn að sjá hversu mikið er hægt að hreyfa við fólk. Þrátt fyrir allt þá er ég viss um að svika- og spillingarmál á Íslandi eru ekki grasserandi um allt, en þið hafið þau sennilega í einhverri mynd, en eins og í mörgum löndum þá vekja þau ekki mikla eftirtekt (eða fólk kys að sjá þau ekki). Ég vona að saman getum við séð þetta, gert okkur grein fyrir hvað þetta er í raun, talað opinskátt saman og fundið út hvernig hægt er að nálgast viðfangsefnið á heiðarlegan og opinn hátt frekar en að standa fyrir áleitna stefnu sem hefur engin vikmörk (sem mér finnst oft hafa öfug áhrif).

Þannig að, hvers vænti ég? Sennilega góðra og uppbyggilegra umræðna og að geta fengið innri endurskoðendur og stjórnendur til að vera uppbyggilegir og raunsæir....og fá þá til að vinna saman!

„Ég ákvað að ég vildi reyna gera eitthvað í málunum“

„Að koma stjórnendum í skilning um að svik og spilling sé raunverulegt vandamál“

## AÐALFUNDUR FÉLAGS UM INNRI ENDURSKOÐUN

Aðalfundur Félags um innri endurskoðun var haldinn á Grand Hótel Reykjavík hinn 24. maí síðastliðinn. Eftirfarandi er umfjöllun um það sem þar fór fram.

## SKÝRSLA STJÓRNAR

Anna Margrét Jóhannesdóttir formaður stjórnar FIE flutti skýrslu stjórnar í upphafi fundar og fór yfir verkefni stjórnar á síðastliðnu starfsári. Fram kom að áherslur stjórnar hefðu verið að breytast og nú væru formenn nefnda boðaðir á fundi tvisvar á ári. Unnið var að stefnumótun félagsins á síðasta starfsári og voru fimm helstu markmið félagsins skilgreind en þau má finna á lokuðu svæði á heimasíðu félagsins [www.fie.is](http://www.fie.is). Anna Margrét ræddi einnig um laga- og reglugerðargrunn um innri endurskoðun og starfsemi innri endurskoðunar. Félagið hefur verið í samskiptum við efnahags- og viðskiptaráðuneytið og Fjármálaeftirlitið og kom félagið meðal annars að umsögnum um reglur og leiðbeinandi til-mæli sem tengjast innri endurskoðun.

Anna Margrét ræddi um innri endurskoðunardaginn og lýsti ánægju sinni með þátttöku á deginum og framlag fyrirlesara. Rætt var um námskeið um innri endurskoðun sem haldið var í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Auk þess var rætt um aðkomu félagsmanna að

námskeiðum hjá Háskóla Íslands og Háskólanum á Bifröst. Einnig hefur komið til umræðu að tengjast erlendum háskólum varðandi undirbúningskennslu fyrir CIA próf.

Formaður ræddi um fastanefndir félagsins og störf þeirra á árinu. Nefndirnar eru þrjár og kom fram að erindisbréf þeirra væru aðgengileg á heimasíðu félagsins.

Að lokum þakkaði formaður stjórn, fastanefndum og félagsmönnum fyrir gott ár.

## BREYTINGAR Í STJÓRN OG Í NEFNDUM

Breytingar urðu á stjórn félagsins á fundinum en Páll Ólafson gjaldkeri félagsins bauð sig ekki fram til endurkjörs. Var Nanna Huld Aradóttir kosin í stjórn í hans stað til tveggja ára. Auk þess voru þau Anna Margrét Jóhannesdóttir og Albert Ólafsson endurkjörin í stjórn félagsins til tveggja ára.

Breytingar urðu á formennsku nefnda en Sigríður Guðmundsdóttir tók við formennsku í fræðslunefnd FIE af Hrefnu Gunnarsdóttur.

Ágúst Hrafnkelsson var endurkjörin formaður alþjóðanefndar. Nanna Huld Aradóttir gaf ekki kost á sér sem formaður síðanefndar og hefur stjórn FIE skipað Inga K. Magnússon sem nýjan formann nefndarinnar.



## REIKNINGAR FÉLAGSINS

Páll Ólafson gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins. Fram kom að uppsetning reikningsins hefði verið breytt þannig að nú væru sýnd gjöld á móti tekjum og fór Páll sérstaklega yfir sundurliðun tekna og gjalda. Í svari við fyrirspurn kom fram að félagsmenn FIE væru nú um 100. Einnig kom fram að gleymst hefði að innheimta gjöld fyrir einn morgunverðarfund.

Rætt var um lélega ávöxtun á innstæðum félagsins og var ákveðið að það yrði rætt við viðskiptabanka félagsins. Bent var á að kostnaður við reikningshald væri frekar mikill og útskýrði Páll fyrir fundarmönnum hve mikil vinna í þessu fælist.

Að loknum umræðum var reikningur félagsins borinn upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

Formaður stjórnar lýsti yfir ánægju með þátttöku á innri endurskoðunardeginum og framlag fyrirlesara

Nanna Huld Aradóttir var kjörin í stjórn félagsins til tveggja ára

Sigríður Guðmundsdóttir var kjörin formaður fræðslunefndar í stað Hrefnu Gunnarsdóttur

Heimasíða félagsins er:

[www.fie.is](http://www.fie.is)



**Ábyrgðarmaður:**

Albert Ólafsson

Netfang: [fie@fie.is](mailto:fie@fie.is)

**Fræðslunefnd FIE**

Sigríður Guðmundsdóttir, formaður

Björn Snær Atlason

Viðar Kárason

## PISTILL STJÓRNAR

Kæru félagar!

Á vormánuðum, nánar tiltekið í maí mánuði, lauk öflugum og einkar frjósömu vetrarstarfi með aðalfundi FIE. Fundinum var lokið á hamingjustund „Happy Hour“ þar sem léttar veitingar runnu ljúflega niður í fundargesti. Þótti það einkar vel til fundið að enda árið á þeim nótum.

Sumri hallar og vetur nálgast og þá fer á stjá ný tegund mannfólks,

„félagsmálatróllin“ sem eru því marki brennd að hafa gaman af félagsmálavafstri og því að hitta mann og annan. Stjórn FIE skreid út úr tjöldum og ferðavögnum sínum um miðjan ágúst og hóf undirbúning verkefna vetrarins eftir gott sumarfrí. Unnið hefur verið að uppfærslu stefnu félagsins og fræðslunefndin hefur staðið í ströngu við undirbúning námskeiða og fræðslufunda starfsársins 2012-2013.

Fræðsluáætlun mun verða birt félagsmönnum fljótlega en eins sjá má af nýlegri auglýsingu er haustráðstefna félagsins einkar glæsilega og vill stjórnin minna félagsmenn á að skrá sig sem allra fyrst.



Alþjóðasamtök um innri endurskoðun voru stofnuð árið 1941 en Félag um innri endurskoðun á Íslandi rúmum 60 árum síðar þann 12. febrúar 2003. Félagið fyllir því fyrsta tuginn á þessu starfsári. Afmælisnefnd hefur verið stofnuð og í forsvari fyrir henni er Guðmundur I. Bergþórsson, innri endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur. Megum við vænta þess að stofnað

Félag um innri endurskoðun er samstarfsvettvangur þeirra sem starfa við innri endurskoðun í fyrirtækjum og stofnunum.

Markmið félagsins er að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra sem starfa við fagið, vera vettvangur til að styrkja fagleg vinnubrögð, styrkja þróun innri endurskoðunar og faglega umræðu jafnframt því að vera leiðandi rödd stéttarinnar út á við.

Félagið er aðili að The Institute of Internal Auditors Inc. - ([www.theiia.org](http://www.theiia.org)) auk þess sem það tekur þátt í evrópsku og norrænu samstarfi á sínu sviði.

**F R A M P R Ó U N  
M E Þ  
S A M S T A R F I  
( P R O G R E S S  
T H R O U G H  
S H A R I N G )**

**Stjórn FIE:**



formaður:  
Anna Margrét  
Jóhannsdóttir



varaformaður:  
Albert Ólafsson



gjaldkeri:  
Sif Einarsdóttir



ritari:  
Auðbjörg  
Friðgeirsdóttir



meðstjórnandi:  
Nanna Huld Aradóttir